

greint brot hans, stuldurinn á mörnum, heyrir undir 230. gr. alm. hegningarlaga 25. júní 1869 og þykir refsingin hæfilega ákveðin fyrir það af undirdómaranum 5 daga fangelsi við vatn og brauð, Með því að málskostnaðar-ákveði aukaréttardómsins einnig samþykkt, verður að staðfesta nefndan dóm í öllum greinum. Ákærði verður og að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málsfærslulaun til hins skipaða sækjanda og hins skipaða verjanda við yfirdóminn, er ákveðst 10 kr. fyrir hvorn þeirra. Það vottast að rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og málsfærslan við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn skal vera óraskaður. Ákærði Jóhann Guðmundsson greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málaflutningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, yfirréttarmálaflutningsmannanna Odds Gislasonar og Eggerts Claessens 10 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 25. janúarmán.

Nr. 12/1908:

Guðmundur Jónasson
gegn

Sigurjóni Markússyni eða til vara Eggert
Claessen sem umboðsmanni fyrir Íslandsk
Handels og Fiskerikompagni.

D ó m u r:

Mál þetta höfðaði fyrir gestarétti Dalasýslu yfirréttarmálaflutningsmaður Sigurjón Markússon fyrir hönd Islandsk Handel og Fiskerikompagni gegn áfrýjanda Guðmundi kaupmanni Jónassyni í Skarðsstöð, til greiðslu á skuld að upphæð 2190 kr. 88 a., ásamt 6% ársvöxtum frá stefnudegi 20. sept. 1907 til borgunardags; en áfrýjandi höfðaði þá gagnsök á hendur félaginu, og krafðist þess, að það yrði dæmt til að greiða sér 1898 kr. 85 a. ásamt 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1907 til borgunardags. Lauk málum þessum svo, að með dómi nefnds réttar, uppkveðnum 23. nóvbr. 1907, var áfrýjandi dæmdur til að greiða Islandsk Handels og Fiskerikompagni 1518 kr. 94 a. ásamt 6% ársvöxtum frá 20. sept. 1907 til borgunardags, en málskostnaður var látinn falla niður.

Dómi þessum hefir Guðmundur Jónasson skotið til yfirdómsins með stefnu útgefinni 5. marz 1908, og hefir hann krafist þess fyrir yfirdóminum, að hann verði algerlega sýknaður af kröfum stefnda, Islandsk Handels og Fiskerikompagni, en til vara hefir hann krafist þess, að auk þeirra krafa í gagnmálinu í undirrétti, sem þar voru teknar til greina, verði enn fremur teknar til greina til frádráttar skuldakröfu félagsins þær gagnkröfur, sem undirrétturinn ekki hefir fallist á eða talið réttmætar, þannig að gagnkrafa hans, alls 1898 kr. 85 a., ásamt vöxtum frá 1. janúar 1907, verði dregnar frá kröfu stefnda, og að honum, áfrýjanda, verði dæmdur málskostnaður fyrir báðum réttum eftir mati réttarins.

Islandsk Handels og Fiskerikompagni hefir aftur á móti látið gagnáfrýja málinu með stefnu dags. 5. ágúst 1908, og krafist þess, að gestaréttardóminum verði breytt

þannig, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða 2190 kr. 88 a. með 6 % ársvöxtum frá stefnudegi 20. sept. 1907 til borgunardags, og að gagnáfrýjandi verði dæmdur sýkn af öllum gagnkröfum aðaláfrýjanda; til vara hefir félagið krafist að gestaréttardómurinn verði staðfestur, og að því verði, hvernig sem málið fer, dæmdur málskostnaður fyrir undir- og yfirrétti eftir réttarins mati.

Aðaláfrýjandi hefir krafist, að gagnmálinu verði vísað frá rétti, af þeirri ástæðu, að yfirréttarmálaflutningsmaður sá, er stefnt var í gagnsökinni, Einar Arnórsson, hafi ekki haft umboð til að flytja málið. En þar sem málaflutningsmaður þessi mætti í yfirdómi við fyrstu fyrirtekt málsins 3. ágúst þ. á., hafði gagnáfrýjandi fulla ástæðu til að telja hann umboðsmann aðaláfrýjanda við málssóknina, og þótt sókn sú í málinu, er hann lagði fram nefndan réttardag, væri ekki undirskrifuð af honum, heldur af yfirréttarmálaflutningsmanni Einari M. Jónassyni, er síðar flutti málið fyrir hönd aðaláfrýjanda, þá getur þetta ekki haft þýðingu í þessu efni, þar eð það hefir komið fram í málinu, að þessi málaflutningsmaður var fjærverandi úr bænum með alt sitt fólk, er gagnstefnan var útgefin, og gagnstefnanda var ókunnugt um hvenær hann mundi koma heim, enda hafði ekki ástæðu til að ætla annað en að Einar Arnórsson hefði tekið við málinu fyrir fult og alt. Það er því ekki ástæða til að vísa gagnmálinu frá dómi.

Fyrir undirrétti hefir aðaláfrýjandi ekki neitað því, að upphæð sú, 2190 kr. 88 a., er Íslandsk Handels og Fiskerikompagni gjörði kröfu til, stæði eftir af skuld þeirri, er hann komst í við félagið út af kaupum á verzlun félagsins í Skarðsstöð, er það hafði selt honum með

kaupsamningi dags. í Kaupmannahöfn 23. apríl 1903, en hann áleit, að hann ætti því nær jafnmikla upphæð hjá félaginu, eða 1898 kr. 85 a. ásamt 6% vöxtum frá 1. janúar 1907, en um þessar gagnkröfur aðaláfrýjanda, eða upphæð þeirra, var ágreiningur milli málsaðila. Áfrýjandi hefir nú fyrir yfirdómi mótmælt kröfu félagsins, og haldið því fram, að það hafi ekki fyrir gestaréttinum lagt fram nægilega skýran reikning yfir viðskifti þeirra aðaláfrýjanda og félagsins frá byrjun viðskiftanna, og geti hann því ekki áttað sig á hvort hin umstefnda upphæð sé rétt. En krafa þessi um ítarlegri reikningsskil er ofseint fram komin, og verður því ekki tekin til greina. Þar sem kröfu félagsins á hendur aðaláfrýjanda, 2190 kr. 88 a., samkvæmt þessu verður að skoða sem viðurkenda, ber að taka hana til greina, og leggja hana til grundvallar við úrslit máls þessa. En þá kemur til álita, hvort og að hve miklu leyti gagnkröfur aðaláfrýjanda geta komið til greina til frádráttar frá þessari skuld hans til félagsins.

Gagnkröfur aðaláfrýjanda sundurliðast þannig:

1. Fyrir umbúðir og ýmislegan kostnað við sendingu á vörum, er félagið átti í Skarðsstöð kr. 133,23
2. Borgun á skuld til Björns Kristjánssonar — 14,12
3. Borgun til manns fyrir að mæta fyrir félagsins hönd við úttekt á $\frac{1}{4}$ úr Innri-Fagradal — 3,00
4. Fyrir reikningsgjörð — 300,00
5. Flutningur á Jakob Þorsteinssyni vestur í Flatey og fæðispeningar fyrir hann . . — 49,50
6. Eftirgefin skuld Péturs Péturssonar . . — 18,13
7. Andvirði íveruhúss í Innri-Fagradal . . — 450,00

8. Greiðsla til Sigfúsar Sveinbjarnarsonar fyrir innheimtu á skuldum	kr. 100,00
9. Uppbætur á reikningum viðskiftamanna kr. 114,13 + 12,75 + 7,00	— 133,88
10. Skuldir Patreksfjarðar og Flateyjarverzlana	— 450,38
11. Inneign greidd Guðmundi á Hörðubóli	— 60,00
12. Eftirgjöf á skuld Hákonar í Reykhólum	— 68,00
13. Ýms smágjöld samtals	— 14,00

Í gestaréttinum hafa kröfuliðirnir 1—5 verið teknir til greina til frádráttar skuld aðaláfrýjanda við stefnda svo og 10 kr. 33 a. af 6. lið eða alls 510 kr. 18 a., en hin- ar upphæðirnar hafa ekki verið teknar til greina. Við- vikjandi gagnkröfum þeim, er þannig ekki hafa verið teknar til greina af gestaréttinum, hefir stefndi haldið því fram, að aðaláfrýjandi geti enga breytingu á þessu fengið sér í vil, þar eð hann hafi tekið það fram í stefnunni, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, að því er gagnsókn- ina snertir, og geti hann ekki í sókninni farið út fyrir það svið, er hann sjálfur hafi markað sér. Það verður þó ekki álitid, að orðalag stefnunnar, eins og því er hátt- að, útiloki að taka kröfur þessar til athugunar og til frá- dráttar kröfu gagnstefnanda, ef þær álitast á rökum byggð- ar. Koma því allir liðir gagnkröflunnar hér til álita.

Af hinni fyrstu kröfu aðaláfrýjanda, 133 kr. 23 a., fyrir umbúðir um vörur, sem félagið átti í Skarðsstöð eftir að það seldi verzlunina og fyrir vinnu við þær, hefir stefndi samþykkt að greiða 46 kr. 50 a. fyrir um- búðir. Í framlögðum útdrætti af nefndum kaupsamningi um sölu verzlunarinnar í Skarsstöð 23. apríl 1903 er tekið fram, að aðaláfrýjandi sé skyldur til gegn venju- legri þóknun að undirbúa til flutnings vörur þær, er

nauðsyn sé að verka áður en þær eru fluttar á skip, svo og gegn venjulegri þóknun að annast um að vörurnar séu í tæka tíð fluttar á skip (Hr. Jonasson er pligtig til mod sædvanligt Vederlag at undergive de Varer, med Hensyn til hvilke Behandling inden Afskibning er fornöden en saadan Behandling, samt — ligeledes mod sædvanligt Vederlag — at sørge for at Afskibning sker behörig). Þar sem nú stefndi hefir ekki neitað, að aðaláfrýjandi hafi lagt til umbúðir þær og þá vinnu, er hann hefir gjört reikning fyrir, og þar eð það verður ekki séð, að stefnandi hafi sett umbúðirnar eða vinnuna óvanalega hátt, þá verður að fallast á, að gestarétturinn hefir dæmt stefnda til að greiða aðaláfrýjanda þessa upphæð.

Upphæðir þær, sem taldar eru undir 2. og 3. tölu-lið hér að framan, kr. 14,12 og kr. 3,00, hefir stefndi viðurkent.

Þá hefir aðaláfrýjandi krafist 300 kr. fyrir reikningsgjörð (for Opgjörrelse af Regnskabet). Stefndi kannast við, að aðaláfrýjandi hafi unnið starf þetta og eigi heimtingu á kaupum fyrir það, en hann heldur því fram, að verk þetta hefðu 2 menn getað unnið á hálfum mánuði og sé því verk þetta fullbargað með 100 kr., og hefir ekki viljað samþykkja hærri borgun. Gagnvart þessu hefir aðaláfrýjandi haldið því fram, að hann hafi unnið að þessari reikningsgjörð í heilan mánuð með aðstoð tveggja manna. Þar eð þessu er ekki hnekt af stefnda og hinsvegar enginn samningur gjörður um kauphæðina, þá getur hin umkrafða borgun ekki talist ákaflega há, og ber því að taka gagnkröfu þessa til greina.

Þá hefir aðaláfrýjandi gjört kröfu fyrir 36 kr., sem kostnaði við flutning á Jakob Þorsteinssyni, verzlunar-

stjóra félagsins í Flatey, úr Skarðsstöð út í Flatey og 13 kr. 50 a. í fæðispeninga fyrir hann. Stefndi hefir viðurkent réttmæti kröfunnar um fæðispeningana, og fyrir flutninginn hefir hann tjáð sig fúsan að borga 20 kr.; en eftir framkomnum upplýsingum verður að álíta, að nefndur verzlunarstjóri hafi sjálfur samið um flutning þennan og beðið aðaláfrýjanda að borga hann, og verður þá félagið að sjálfsögðu að borga upphæðina að fullu, fyrst það á annað borð viðurkennir að flutningurinn hafi farið fram í þess þágu. Nefndar 49 kr. 50 a. ber því að dæma félagið til að greiða aðaláfrýjanda.

Þá hefir aðaláfrýjandi gjört kröfu til 18 kr. 13 a., er félagið hafi eftirgefið einum skuldunaut verzlunarinnar, en upphæð þessi virðist hafa verið tilfærð í lista þeim yfir útistandandi skuldir verzlunarinnar, er áfrýjandi keypti. Stefndi hefir viðurkent, að sér beri að greiða upphæð þessa, að frádregnum 40 %, eða 10 kr. 93 a., en þar sem stefndi hefir alls enga grein gjört fyrir því, með hvaða heimild hann hefir dregið áminstar 40 % eða 7 kr. 20 a. frá upphæðinni, verður að dæma félagið til að greiða upphæð þessa í heild sinni.

Þá hefir aðaláfrýjandi gjört kröfu til 450 kr. fyrir íveruhús í Innri-Fagradal, er hann tjáist hafa keypt fyrir hönd félagsins. Islandsk Handels og Fiskerikompagni átti $\frac{1}{4}$ hluta úr jörð þessari, og skýrir aðaláfrýjandi svo frá, að hann hafi haft umboð til að annast um byggingu jarðarinnar fyrir hönd félagsins. Nú hafi jarðarpartur þessi losnað úr ábúð í fardögum 1903 og hafi hann þá keypt hús þetta af fráfaranda með því verði, er það var metið af úttektarmönnum í hreppnum, fyrir félagsins hönd handa jörðinni, því að jarðarparturinn hafi verið alveg

íveruhúsalaus, og hafi hann álitð, að annars mundi ekki vera hægt að byggja jarðarpartinn. Hefir hann sérstaklega haldið því fram, að hann sem umboðsmaður félagsins hafi haft heimild til að gjöra kaup þessi, en hvað sem því liði, þá verði að álíta, að félagið hafi samþykkt þessa ráðstöfun, þar sem það hafi ekki í tæka tíð mótmælt kaupunum, og að endingu hafi félagið látið leiguliða sinn nota húsið og síðan selt það ásamt jörðinni ári síðar (1904). Af skjölum málsins verður að ráða, að aðaláfrýjandi hafi haft umboð til að sjá um byggingu jarðarinnar, enda er því ekki mótmælt, en í slíku umboði verður þó ekki álitð að sé fólgin heimild til þess, að jarðeiganda fornspurðum, að kaupa alldýrt hús í samamburði við verð jarðarpartsins, en þar sem aðaláfrýjandi með bréfi dags. 31. ág. 1903 tilkynti stefnda, að hann hefði álitð nauðsynlegt að kaupa umrætt hús handa jörðinni og óskaði samþykkis á þessari ráðstöfun, þá virðist, eftir því sem á stóð, að það hafi verið skylda félagsins þegar í stað að mótmæla kaupunum, svo að aðaláfrýjandi gæti ráðstafað húsinu á annau hátt, en þetta hefir stefndi ekki gjört, því af skýrslum málsins sést, að félagið hefir fyrst með bréfi 22. júlí 1904 hreyft andmælum gegn kaupunum, en af þessu leiðir, að stefndi verður að greiða aðaláfrýjanda andvirði hins umrædda húss, 450 kr.

Þá hefir aðaláfrýjandi gert kröfu til, að stefndi greiði sér 100 kr., sem er upphæð ávísunar, er aðaláfrýjandi gaf út á stefnda handa Sigfúsi Sveinbjarnarsyni fasteignasala, og hefir áfrýjandi skýrt þetta svo, að Sigfús hafi haft á hendi innheimtu á útistandandi verzlunarskuldum fyrir félagið, og hafi hann eftir beiðni Sigfúsar gefið út ávísun þessa til greiðslu á innheimtulaunum hans, og hafi

upphæðin gengið upp í innheimtulaun Sigfúsar, er stefnda hafi verið skylt að greiða. Er þessi skýrsla aðaláfrýjanda staðfest með framlögðu vottorði Sigfúsar. Þessari skýrslu aðaláfrýjanda hefir ekki verið mótmælt í undirrætti, og því hefir heldur ekki verið mótmælt, að Sigfúsi hafi borið greiðsla þessi frá stefnda, og verður því að dæma félagið til að greiða aðaláfrýjanda nefndar 100 kr.

Þá hefir aðaláfrýjandi krafist greiðslu á uppbótum til viðskiftamanna verzlunarinnar, að upphæð kr. 114 13 + 12,75 + 7,00 eða samtals 133 kr. 88 a., og hefir hann sannað með notarialvottorði, að hann hafi árin 1903 og 1904 fært inn í reikninga ýmsra viðskiftamanna uppbætur frá árinu 1902, er nemi samtals þessari upphæð, og hyggur hann, að samningurinn um kaup á verzluninni í Skarðsstöð, dags. 23. apríl 1903, heimili honum rétt til þess að fá þessar upphæðir endurgreiddar af félaginu. Ákvæði það í nefndum samningi, er aðaláfrýjandi álitur að heimili kröfuna, er þetta: Mulige Fejl i Bøgerne eller i Opgjørelsen pr. 31. Desember 1902 skal altid kunne forlanges rettede og regulerede, dog at saadan Regulering skal finde Sted inden Udgangen af indeværende Aar. Það virðist nægilega upplýst af aðaláfrýjanda, að uppbætur þessar stafi af slíkum villum í bókunum og reikningsgjörðinni, er átt er við í tilfærðu samningsákvæði, og verður því að dæma stefnda til að svara aðaláfrýjanda til uppbótanna, að svo miklu leyti sem þær hafa komið til á árinu 1903, en svo var því varið um 114 kr. 13. Þá upphæð ber því að dæma stefnda til að greiða aðaláfrýjanda.

Þá hefir aðaláfrýjandi krafist þess, að inneign sín við verzlanir Islandsk Handels og Fiskerikompagni á Pat-

reksfirði og Flatey, að upphæð kr. 176,36 + 87,22 + 186,30, eða samtals 450,38, verði dregin frá skuldakröfu stefnda. Því hefir ekki verið neitað, að stefndi eigi að svara til skulda þessara verzlana, og upphæðunum hefir heldur ekki verið mótmælt sem röngum, eða ítarlegri sundurliðunar fyrir þeim krafist, en af þessu leiðir, að félagið verður að svara til þessarar kröfu, og ber því að draga nefndar 450 kr. 38 a. frá kröfu gagnstefnanda.

Þá hefir áfryjandi krafist borgunar á 60 kr., sem Guðmundur á Hörðubóli hafi átt að eiga hjá verzlun Íslandsk Handels og Fiskerikompagni frá haustinu 1902, en sem áfryjandi greiddi árið 1903. Viðvíkjandi þessum kröfuleið hefir áfryjandi sannað með framlögðu nótarialvottorði, að í kladda verzlunarinnar í Skarðsstöð standi, að maður þessi hafi lagt inn til verzlunarinnar árið 1902 kindur fyrir 78 kr. 75 a., og að honum sé þar um leið færð til útgjalda milliskrift til Gramsverzlunar í Stykkishólmi 60 kr., og standi Guðmundur ekki með neina inn eign í eftirstöðvalista verzlunarinnar frá 1902, en samkvæmt höfuðbókum verzlunarinnar séu þessar 60 kr. frá Guðmundi taldar Gramsverzlun til tekna 1. janúar 1903, en þar á móti ekki 1902. Þessi skýrsla hefir ekki verið vefengd, eða umræddu innleggi neitað, en þá verður að álíta að hér sé sönnuð villa í reikningsbókunum 1902 (Opgjörelse pr. 31. Desember 1902), þannig að inneignir við verzlunina séu oflágt tilfærðar um nefndar 60 kr. Þessar 60 kr. hefir aðaláfryjandi greitt eða skuldbundið sig til að greiða, en samkvæmt nefndum kaupsamningi um verzlunina 23. apríl 1903 verður að álíta, að aðaláfryjandi hafi rétt til að fá slíka villu leiðrétta. Ber því að taka kröfu þessa til greina til frádráttar kröfu stefnda.

Hvað þar á móti 68 kr. Rabat til Hákonar á Reykhólum snertir, þá sést ekki af skjölum málsins, að stefndi hafi verið skyldur til að greiða upphæð þessa, og verður því krafa aðaláfrýjanda um greiðslu á upphæð þessari ekki tekin til greina.

Þá eru nokkrar smákröfur, sem aðaláfrýjandi telur til, sem sé: útflutningsgjald frá Fáskrúðsfirði 90 a., umslög um reikninga 2 kr., burðargjald undir reikninga 4 kr. 50 a, og fyrir 50 pd. af salti 1 kr., fyrir hraðboða með bréf að Þorbergsstöðum 6 kr., eða samtals 14 kr. 40 a. Aðaláfrýjandi hefir ekki skýrt frá því, hvernig á kröfum þessum stendur, og verða þær því ekki teknar til greina.

Samkvæmt framansögðu ber að taka til greina til frádráttar kröfu stefnda 1692 kr. 49 a. af gagnkröfum aðaláfrýjanda, en frá þessari upphæð hefir hann dregið innborgun frá Guðmundi í Traðardal, 57 kr. 45 a., og ennfremur hefir gagnstefnandi krafist þess, að frá gagnkröfum aðaláfrýjanda séu dregnar 209 kr. 41 a.

Af þessum 209 kr. 41 a. hefir aðaláfrýjandi haldið fram, að hann í reikningi sínum 31. desbr. 1903 (réttarskj. nr. 9) hafi fært Islandsk Handels og Fiskerikompagni til tekna: fyrir æðardún kr. 26,88, fyrir selslýsi kr. 106,66 og fyrir selspik kr. 11,52 eða samtals 145 kr. 06 a. og ber reikningur þessi með sér, að þessar upphæðir eru þar innfærðar félaginu til tekna. Hvað eftirstöðvunum þar á móti viðvikur: fyrir kjöttunnu kr. 52,35 og andvirði selskinna kr. 12,00, hefir aðaláfrýjandi ekki sérstaklega mót-mælt þessum upphæðum, og ber því að draga þær ásamt ofangreindum 57 kr. 45 a. frá gagnkröfum aðaláfrýjanda og færast þær því niður um 121 kr. 80 a. eða ofan í

1570 kr. 69 a. Með því að gagnstefnandi hefir reiknað sér vexti og vaxtavexti 6% p. a. af kröfu sinni til 20. sept. 1907, þá ber einnig samkvæmt kröfu aðaláfrýjanda að dæma stefnda til að greiða 6% vexti og vaxtavexti af gagnkröfunni nfl. af 1120 kr. 31 a. frá 1. nóvbr. 1903, af inneign við Patreksfjarðarverzlun 176 kr. 36 a. frá 1. júní 1906 og af inneign við Flateyjarverzlun 274 kr. 02 a. frá 1. júní 1907 til 20. sept. s. á. og nemur þetta 316 kr. 28 a.

Samkvæmt framansögðu ber því að breyta hinum áfrýjanda dómi þannig, að dæma aðaláfrýjanda til að greiða stefnda 2190 kr. 88 a. að frádregnum (1570 kr. 69 a. + 316 kr. 28 a.) 1886 kr. 97 a., eða 303 kr. 91 a. ásamt 6% ársvöxtum frá 20. sept. 1907 til borgunardags. Málskostnaðarákvæði gestaréttarins samþykkist, og eftir atvikum virðist rétt, að málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Aðaláfrýjandi Guðmundur Jónasson kaupmaður í Skarðsstöð greiði stefnda, Íslandsk Handels og Fiskeri-kompagni í Kaupmannahöfn 303 kr. 91 a. með 6% ársvöxtum frá 20. sept. 1907 til borgunardags. Málskostnaður falli niður.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri lagaaðför.